

upp úr draumum sínum, trúa að í þeim birtist sér margt, sem þeim væri ómögulegt að hafa nokkra vitneskju um á annan hátt og að draumar séu fyrirboðar óframkominna viðburða.

Nú á síðustu tímum hafa sálarfræðingar leitast við að útskýra drauma vísindalega og yfir höfuð alt óvanalegt og óheilbrigt sálarástand. Margar og mikils verðar upplýsingar hafa fengist, en þó er mikið enn órannsakað og óútskýrt.

Hinn nafnkendi þýzki sálarfræðingur, Wundt, og aðrir með honum skifta vanalegum svefni í þinn stig. Fyrst er mók, meðan meðvitundin er að hverfa; síðan kemur enn dýpra mók, eða það sem í daglegu tali mundi kallað að festa svefn; að því loknu kemur djúpur svefn næstum eða alveg meðvitundarlaus; á eftir þessum fasta svefni kemur léttari svefn með draumum, og að lokum breytingin frá svefni til vöku. Draumar, segir hann að séu eingöngu samfara hinum léttara svefni, og hafi tvö aðaleinkenni: fyrst að minnishögtökin séu tekin fyrir líkamlega hluti, og í öðru lagi breytist eftirtektin þannig, að skynjunin, sem kemst að í draumaástandinu, framleiðir allskonar tálmyndir.

Minnishugtökin eru eftirstöðvar frá því sem borið hefir fyrir skynjunina, eða um hefir verið hugsað í vöku. Menn gera ráð fyrir, að alt sem skynjunarfæri mannsins, t. d. sjón og heyrn taka á móti, skilji eftir einhver mörk í heilanum, líkt og broddurinn í málvélinni skilur eftir mörk á vax-sívalningnum, sem hann strýkst yfir. Sum þessi mörk eru svo dauf að þeirra gætir aldrei framar; viðburðurinn eða skynjanirnar, sem mynduðu þau sökkva í gleymsku eða liggja grafin í því sem nefnt er undirvitund um lengri tíma. Aftur á móti eru sum mörkin svo skýr að það sem þau tákna, ef svo má að orði komast, hverfur aldrei úr huga, rifjast upp hvað eftir annað. Svo er með hvað eina, sem hefir mikil áhrif á oss, þegar vér skynjum það, t. d. óttalegt slys, sem vér erum sjónarvottar að, eða óvenjulegt hljóð, sem skerst upp úr vagnaskrölti og skóhljóði á fjölförnu borgarstræti. Í draumum rifjast þessi fyrri reynsla upp, en í staðinn fyrir að í draumnum er í raun og veru ekkert nema endurminningin, finst þeim, sem dreymir, alt vera verulegt, eins og í vöku. Gerum ráð fyrir, að maður hafi heyrt skothljóð. Hljóðið hefir